



Spáum óbreyttum stýrivöxtum

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands mun taka ákvörðun um stýrivexti í næstu viku og verður niðurstaðan tilkynnt miðvikudaginn 22. ágúst. Hagfræðideild Landsbankans væntir þess að nefndin ákveði að halda vöxtum bankans óbreyttum að þessu sinni. Það ræðst helst af því að hagþróun frá síðasta fundi nefndarinnar 12. júní síðastliðinn hefur verið tíðindalítill og ekkert sérstakt gerst sem kallar á breytingu vaxta.

Fordæmalaus samstaða á síðustu tveimur fundum

Á tveimur síðustu fundum peningastefnunefndar var eingöngu rætt um óbreytta vexti. Þetta er frávik frá venju, en frá því að peningastefnunefndin var skipuð árið 2009 hefur samkvæmt fundargerðum nefndarinnar alltaf verið rætt um fleiri en einn möguleika á viðunandi vaxtastigi. Auk þess hefur oftast að minnsta kosti einn nefndarmaður annað hvort greitt atkvæði gegn tillögu Seðlabankastjóra eða látið bóka að hann hefði kosið aðra ákvörðun.

Sá einhugur sem var á seinustu tveimur fundum bendir til þess að meira þurfi að gerast milli funda en ella til að nefndin breyti um skoðun varðandi hæfilegt vaxtastig.


Flest bendir til óbreyttra vaxta

Verðbólga hefur hjaðnað á árinu og er nú 3,8%. Hækkun 12 mánaða verðbólgu milli mánaða í júlí skýrist af grunnáhrifum og er því ólíklegt að nefndin telji sig þurfa að bregðast við því. Hins vegar eru bæði verðbólga og verðbólguvæntingar markaðsaðila enn fyrir ofan verðbólguþátt Seðlabankans.

Raunstýrivextir eru nú í kringum 1% og hafa verið í kringum það síðan haustið 2012 án þess að peningastefnunefndin hafi séð ástæðu til að breyta því. Má því ætla að hún telji um 1% raunvexti hæfilega miðað við núverandi efnahagsástand.


Krónan hefur styrkst lítillega frá því að nefndin kom síðast saman. Seðlabankinn er nú kominn á kauphlíðina og hefur keypt 12 m. evra í fjórum inngrípum á millibankamarkaði með gjaldeyri.

Vextir Seðlabanka Íslands




Heimild: Seðlabanki Íslands

Helstu verðvísitölur



Heimild: Hagstofa Íslands

Raunstýrivextir



Fundið út frá mun á A) HFF24 og RIKB19 og B) HFF34 og RIKB25.

Heimild: Kauphöllin OMX, Hagstofa Íslands




Samhliða vaxtaákvörðuninni nú birtir Seðlabankinn peningamál 2013/3 með uppfærðri verðbólgu- og þjóðhagsspá. Þær hagtölur sem hafa birst síðan seinasta verðbólgu- og þjóðhagsspá var gefin út gefa vart tilefni til þess að verðbólgu- og þjóðhagsspá Seðlabankans hafi breyst í meginatriðum.

Loks má geta þess að núverandi vaxtastig er passlegt samkvæmt Taylor-reglu sem þjóðhagslíkan Seðlabankans notast við.


Helstu óvissuþættir

Tölur innlendrar kortaveltu í verslun á allrasíðustu mánuðum benda til að minni kraftur sé í einkaneyslu en gert var ráð fyrir í við seinustu vaxtaákvörðun. Tölur um landsframleiðslu á 2. ársfjórðungi koma í næsta mánuði og er líklegt að nefndin bíði eftir þeim tölum áður en hún bregst við hugsanlegum hægari vexti en vonast hafði verið til.

Áform ríkisstjórnar um skuldaniðurfellingu og niðurstöður kjarasamninga geta orðið til þess að nefndin telji sig knúna til þess að bregðast við aðstæðum sem hún telur verðbólguhvetjandi. Hins vegar er enn margt óljóst varðandi niðurstöðu þessara þátta og því líklegt að nefndin kjósi að bíða átekta þangað til niðurstaða þeirra skýrist frekar.



Heimild: Seðlabanki Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.